

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 8 2025

Staður: Teams

Tími: þriðjudagur 19. ágúst 2025 kl. 13:15

Viðstödd: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Haukur Þórðarson, Jóhanna Gísladóttir, Guðmundur Fertram Sigurjónsson og Bragi Geir Bjarnason.

Forföll: Þóranna Jónsdóttir og Birgir Þór Haraldsson.

Fundur settur 13:15.

1. Starfsáætlun háskólaráðs 2025-2026

Rætt var um fundi með hagaðilum og samstarf við þá. Heimsókn í búin rædd og lagt til að hún verði frekar farin 18. nóvember í stað 21. október. Lagt til að kynningarstjóri komi inn á fund háskólaráðs í byrjun vorannar í janúar sem og að fá verkefnastjóra dýralækninganáms á næsta fund til að kynna þá vinnu. Starfsáætlun lögð til samþykktar með breytingum og samþykkt einróma.

2. Jarðræktarmiðstöð og gróðurhús – staða mála

Útboð fyrir gróðurhús fór út í vor. Athugasemd var gerð við útboðið svo það var dregið til baka til að gera leiðréttingar og það hefur enn ekki farið í loftið aftur. Leyfi fyrir greftri og jarðvegsskiptum hefur verið frestað af hálfu FSRE. Seinagangur stjórnsýslu málsins af hálfu FSRE ræddur. Lagt til að rektor taki málið upp við ráðuneytin sem koma að málinu og fái svo fund með forstjóra FSRE.

3. Aðrar framkvæmdir í gangi

Rætt um það góða samstarf sem hefur verið að eiga sér stað við FSRE um viðhald. Framkvæmdir í Ásgarði ganga vel sem og í skólahúsunum. Fóðrunarbúnaður á Hestbúið hefur verið pantaður sem kostaður er með styrk frá Minningarsjóði Halldórs Pálssonar. Stjórn Hvanneyrarbúsins hefur lagt til að bjóða bændum í heimsókn þegar búnaðurinn hefur verið settur upp. Háskólaráð telur það góða hugmynd. Þá mætti einnig sýna reiðvöllinn á Mið-Fossum. Þá var einnig rætt um dróna kaup skólans og hvernig þeir muni nýtast í verkefni og kennslu.

4. Starfánægjuúttekt og næstu skref

Niðurstöður úttektar Líf og sál verða kynntar starfsmönnum á fimmtudaginn á starfsmannafundi. Framkvæmdastjórn hefur ákveðið næstu skref og mun kynna þau fyrir starfsmönnum á þeim fundi. Stefnt er á að klára stofnanasamning við FÍN á haustmánuðum.

5. Framtíðarsýn / innleiðing á breyttu skipulagi – fundur með starfsfólki

Lagt til að kallað verði til vinnufunda eða vinnustofu meðal starfsmanna um innleiðingu á framtíðarsýn og breyttu skipulagi, sem og til að ræða örnám. Rætt um að setja það á dagskrá í haust.

6. Samstarf við hagaðila

Rætt var um að efla samtal og samstarf við hagaðila, svo sem Bændasamtökin, afurðastöðvar, bændur og fleiri. Samþykkt að halda áfram þeirri undirbúningsvinnu. Opinn fundur fyrir bændur í haust til að sýna uppbyggingu skólans og búin.

7. Mál til kynningar

- a. Samningur við RML hefur verið undirritaður. Ráðunautafundurinn í síðustu viku ræddur.
- b. Samningur við ON undirritaður í næstu viku.
- c. LARK í Feneyjum. Helena, Ivan og Daniele kynntu verkefni þar í sumar.
- d. LIFE kick-off fundur á Hvanneyri 22-24. september
- e. Umsóknaskrif – Horizon og LIFE.
- f. Nýir doktorsnemar. Þrír nýir að hefja nám á haustönn.
- g. Jafnlaunaúttekt framundan.
- h. Þörf er á nýjum fulltrúa starfsmanna í öryggisnefnd, og málið er komið í farveg.

Fundi slitið 14:37.